

Orkustofnun
b.t. Bryndísar Róbertsdóttur
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Undirritaður f.h. forráðamanna jarðarinnar Mela á Kjalarnesi fer þess á leit við Orkustofnun að efnistaka Björgunar ehf. af botni Hvalfjarðar á svonefndu Laufagrunni verði stöðvuð hið bráðasta. Laufagrunn er fyrir landi jarðanna Mela og Hjarðarness á Kjalarnesi. Einnig að efnistaka verði óheimil fyrir landi frá Melum að Kiðafellsá, þar er svonefndur Ósmelur sem ásamt fjörum og grunnsævi er á náttúruminjaskrá.

Eins og kunnugt er hefur efnistaka af botni sjávar í Hvalfirði átt sér stað frá því snemma á sjöunda áratugnum. Afleiðinga þessarar efnistöku gætir í fjörum í næsta nágrenni. Sandur og möl í fjörum hefur stórminnkað og nánast horfið á svæði neðan Mela og Norðurkots. Yfirborð fjörunnar hefur lækkað mikið svo sjógangur er farinn að valda landrofi á nokkrum stöðum í landi Mela. Við því þarf að bregðast með viðeigandi aðgerðum. Landrof af völdum sjávar er ekki nýtt á þessu svæði. Það landrof sem að ofan er getið í landi Mela hófst fyrir um það bil 12-15 árum, fram að þeim tíma spillti sjór ekki landi í að minnsta kosti 60 ár, þess er þó getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1705. Þar kemur einnig fram að sjór brjóti af túni í Saurbæ og Hjarðarnesi. Það að stjórnvöld (Iðnaðarráðuneytið) skuli veita heimild til efnistöku af sjávarbotni þar sem svo háttar til sem að ofan greinir hlítur að teljast vafasöm ráðagerð.

Ásýnd og lífríki fjörunnar hefur tekið stakkaskiptum. Sú gengdarlausa efnistaka sem átt hefur sér stað af botni fjarðarinnar hefur raskað því jafnvægi sem náttúran hefur skapað í fjörunni í gegnum tíðina. Fyrsta skrefið í þá átt að fá fjöruna í fyrra horf er að stöðva uppþælingu efnis af botni fjarðarinnar án tafar.

Undirritaður er fæddur árið 1956 og uppalinn að Melum og telur sig þekkja nokkuð vel til aðstæðna. Frá Melum var gerð út trilla til hrognkelsaveiða við ströndina og handfæraveiða á firðinum og utan fjarðarmynnis einnig svartfuglsveiða. Þá var fjaran leikvöllur ungu kynslóðarinnar langt fram á tvítugsaldurinn. Aðstæður til að sjósetja bát hafa breyst mikið til hins verra og þá sérílagi að koma honum á land aftur vegna aukins bratta upp úr fjörunni. Í bókinni "Kjalnesingar" eru myndir frá 1998 úr fjörunni neðan Mela (bls. 55 og 69) sem sýna glögglega breytinguna frá þeim tíma til samanburðar við stöðuna eins og hún er í dag.

Meðfylgjandi eru umsagnir þriggja valinkunnra manna sem þekkja vel til aðstæðna, en þeir eru: Davíð Guðmundsson fyrrum bóndi í Miðdal í Kjós, Jón Sigvaldason Garðabæ sem ólst upp í Útkoti og Bjarni Þór Guðmundsson Reykjavík sem stundað hefur veiðar á sjó frá Melum.

Afrit sent til:
Iðnaðarráðuneytis
Umhverfisstofnunar
Skipulagsstofnunar

22 ágúst 2007 Einar Indriðason
Kt. 150856-4189
Löngumýri 49
210 Garðabæ.

